

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012

**Varðar: frumvarp til laga um breytingu á siglingarlögum, nr. 34/1985 (um tryggingar skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum), 348. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á siglingarlögum, nr. 34/1985 (um tryggingu skipaeiganda gegn sjóréttarkröfum). SFF leggja ekki gegn markmiðum frumvarpsins en gera þó athugasemdir varðandi skýrleika þess.

SFF telja að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem tilgreinir þriðja aðila ekki vera fyllilega lýsandi um þá tjónþola sem ábyrgðartrygging samkvæmt tilskipun 2009/20/EB er ætlað að vernda. Í einhverjum tilvikum kunna skilgreiningar tilskipunarinnar að ná út fyrir beint tjón til svokallaðs afleidds tjóns. SFF telja mikilvægt að slíkt sé tekið fram í frumvarpinu, sérstaklega í ljósi þess að fræðimenn hafa tekið fram að afleitt tjón njóti ekki í öllum tilvikum verndar skaðabótareglna þótt beint tjón geri það. Það er afar mikilvægt fyrir váttryggingafélög sem koma til með að selja slíkar tryggingar að það sé hafið yfir vafa hvert er bótasvið trygginganna.

Árið 2007 var skipuð nefnd á vegum Innanríkisráðuneytisins til að vinna að heildarendurskoðun á siglingarlögum nr. 34/1985. SFF vita ekki hvort nefndin sé virk en leggja til að allar breytingar á siglingarlögum verði unnar af nefndinni til að tryggja samræmi í lögnum og vandaða og skýra lagasetningu.

Ef ekki verður fallist á að breyta frumvarpinu til að gera skýra hvert er raunverulegt inntak þeirra váttryggingar sem er verið að skylda útgerðarmenn til að taka, leggja SFF til að HNS samningurinn frá árinu 1996 verði hafður með lögnum í fylgiskjali.

SFF eru hvenær sem er tilbúin til að koma á fund nefndarinnar til að útskýra sjónarmið sín nánar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur

